

33. fundur Fræðslu- og menningarnefndar þriðjudaginn 2. júní 2009

Fundur settur kl. 17.00 í Grunnskólanum á Þórshöfn

Mættir: Guðni Hauksson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Rannveig Ólafsdóttir, Mirjam Blekkenhorst, Gunnólfur Lárusson og Hilma Steinarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. mál. Grunnskólinn á Þórshöfn. Heiðrún kom á fund og fjallaði um starfsmannamál. Enn vantar kennara í fjórar og hálfu stöðu, með sérkennslu fyrir næsta vetur. Lítilsháttar viðhald verður í skólahúsnæði í sumar, nokkrar stofur verða málaðar. Eins og staðan er núna verða 82 nemendur í skólanum næsta vetur. Heiðrún vék af fundi.
2. mál. Bókasafnsmál á Þórshöfn. Líney og Halldóra mættu á fund. Fjallað um hugsanlegt nýtt húsnæði fyrir bókasafnið ef framhaldsskóladeildin verður í núverandi húsnæði safnsins. Nefndin samþykkir framkomnar hugmyndir að bókasafnið verði fært til, það er ef ásættanlegt húsnæði finnst fyrir safnið. Líney fjallaði um fjárveitingu sem safnið á Þórshöfn hefur fengið. Undanfarin ár hefur safnið fengið um 100 þúsund á ári til bókakaupa. Árgjald fyrir kort í safnið er 1000 kr. Fjallað um hvort breyta eigi því. Nefndin leggur til að árgjald verði 2000 kr fyrir 16 ára og eldri en frítt fyrir yngri. Nefndin leggur einnig til að samvinna milli bókasafna á Þórshöfn og Bakkafirði verði aukin og bókainnkaup samræmd.
3. mál. Halldóra fjallaði um ýmis menningarmál. Fjallað um sýninguna Föromenn og flakkarar sem stendur yfir í anddyri hreppsskrifstofunnar á Þórshöfn. Nefndin ákveður að styrkja sýninguna um 10.000 kr.

Fundi slitið kl. 19.00